

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.***L Ö G****um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og
símamála, nr. 36/1977.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun sem fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum sem gilda um póstmál og fjarskipti.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í aðalsvið.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastjórnar aðalsviða vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum.

Umdæmisstjórar annast rekstur póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og annan þann rekstur á vegum Póst- og símamálastofnunar í umdæminu sem þeim er fallinn samkvæmt rekstraráætlunum og öðrum förmælum er gilda um stofnunina.

5. gr.

7. gr. laganna falli brott.

6. gr.

1. másl. 8. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðalsviða og umdæmisstjórum stofnunarinnar.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í stofnuninni skal starfa starfsmannaráð skipað fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.

8. gr.

4. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Tekjur samkvæmt gjaldskrá skulu nægja til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

um breyting á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Annar og þriðji málslíður 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. september 1987.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.